

Vefrit fjármálaráðuneytisins

27. ágúst 2009

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júlí 2009

[Greiðsluuppgjör ríkissjóðs](#) fyrir fyrstu sjö mánuði ársins 2009 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjöriinu er handbært fé frá rekstri neikvætt um 91 ma.kr., sem er 118,1 ma.kr. lakari útkoma en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust 37,4 ma.kr. minni en í fyrra meðan gjöldin jukust um 71,6 ma.kr.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu sjö mánuðum ársins voru tæplega 227 ma.kr. sem er um 37 ma.kr. minni tekjur en á sama tíma árið 2008. Áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur yrðu tæplega 247 ma.kr. og er frávik á því 20 ma.kr. Munar mest um lægri skatta á vöru og þjónustu en gert var ráð fyrir í áætluninni. Skatttekjur og tryggingagjöld námu tæplega 197 ma.kr. sem endurspeglar 18,2% samdrátt að nafnvirði eða 30,6% að raunvirði miðað við hækkun almenns verðlags (VNV án húsnæðis). Samdrátturinn milli ára jókst að raunvirði frá síðasta mánuði og er 31,1% þegar horft er til 4 mánaða meðaltals. Þá jukust aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs umtalsvert frá sama tíma árið 2008 en þær voru nú tæplega 29 ma.kr. sem endurspeglar 37,7% hækkun að nafnvirði. Í áætlun fjárlaga var gert ráð fyrir tæpum 21 ma.kr. og er frávik á því 8 ma.kr. en þar skýra auknar vaxtakekjur meginmuninn.

Skattar á tekjur og hagnað námu rúmum 84 ma.kr. og drógust saman um 11,4% að nafnvirði frá fyrsta helmingi ársins 2008. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga rúmum 46 ma.kr. sem endurspeglar 13,6% samdrátt að nafnvirði. Tekjuskattur lögaðila var rúmlega 9 ma.kr. og dróst saman um 40,6% að nafnvirði frá sama tíma árið áður. Fjármagnstekjuskattur nam tæpum 29 ma.kr. sem er aukning um 10,4% milli ára en innheimta hans fer að langmestu leyti fram í janúar. Innheimta eignarskatta var tæplega 3 ma.kr. sem er samdráttur um 43,4% frá fyrra ári en þar af voru stimpilgjöld stærsti hlutinn, eða tæplega tveir ma.kr. og drógust þau saman um 52,6%.

Innheimta almennra veltuskatta nam tæplega 84 ma.kr. á tímabilinu og dróst saman um 24,7% að nafnvirði á milli ára eða 36,2% að raunvirði (m.v. hækkun VNV án húsnæðis). Þegar litið er á 4 mánaða meðaltal er raunlækkunin á milli ára 27,1%.. Virðisaukaskattur nam rúmlega 56 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins og dróst saman um 23 ma.kr. frá sama tíma 2008. Samdrátturinn nemur 29,1% að nafnvirði eða sem samsvarar 39,9% að raunvirði. Virðisaukaskattur í júlímánuði, sem kemur að mestu af innflutningi í maí og júní, nam rúmlega 5 ma.kr. sem er tæpum 9 ma.kr. lægri fjárhæð en í sama mánuði árið áður. Þetta frávik skýrist þó að hluta til vegna breyttra reglna um gjalddaga virðisaukaskattsins sem tóku gildi í mars síðastliðnum og gilda til ársloka. Samkvæmt þeim átti aðeins þriðjungur virðisaukaskatts fyrir tímabilið maí-júní að koma til greiðslu í júlí en hinir tveir þriðjungarnir í ágúst og september. Það virðast þó ekki allir hafa nýtt sér þessa frestun til fulls þar sem rúmur milljarður sem var á gjalddaga í ágúst og september var greiddur í júlí. Þá jukust vörugjöld af bensíni um 13,3% að nafnvirði á milli ára en olíugjald dróst saman um 9,8%. Gjöld á bensín og olíu voru hækkuð um 12,5% undir lok árs 2008 og hækkuð frekar í lok maí 2009. Tekjur af tollum og aðflutningsgjöldum námu tæpum 3 ma.kr. og tekjur af tryggingagjöldum voru tæplega 22 ma.kr. sem er samdráttur um annars vegar 28,4% og hins vegar 9,4% á milli ára.

Greidd gjöld nema 308,6 ma.kr. og hækka um 71,6 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 31%. Milli ára hækka útgjöld mest til almannatrygginga og velferðarmála um 28,6 ma.kr. sem skýrist að mestu með 13,5 ma.kr. hækkun útgjalda Atvinnuleysisstryggingasjóðs á milli ára.

Íbúapróun á árinu 2009

Í síðustu viku birti Hagstofa Íslands tölur um miðársmanntölur á ír ásamt gögnum um búferlaflutninga á fyrri hluta þessa árs. Það vakti athygli að heildaríbúafjöldi landsins hafði minnkað milli ára þótt fækkunin næmi einungis rúmlega eitt hundrað manns. Þetta eru að sjálf-sögðu mikil viðbrigði enda hefur þjóðinni fjölgað mjög ört á undanfönum árum, bæði vegna þess að Ísland er eitt fárra Evrópulanda þar

sem fæddir eru fleiri en dánir en ekki síst vegna þess hversu mikill aðflutningur hefur verið umfram brottflutning.


Nú hafa veður skipast í lofti. Rétt er að nefna að það hefur áhrif á tölur um búferlaflutninga að stöðugt er unnið að því að leiðrétta íbúaskrár. Búferlaflutningar hafa oft verið skráðir löngu eftir að raunverulegur flutningur á sér stað og því er ekki víst að birtar tölur endurspeglar nákvæmlega það sem verið hefur að gerast síðustu 6 mánuðina.

Fram hefur komið í fréttum að mjög mikið hefur verið um fæðingar og það hefur áhrif til að vega á móti áhrifum flutninga. Í tölum Hagstofunnar um miðársmanntölur kemur fram að 1. júlí eru 4.910 börn innan við eins árs aldur. Ef svo heldur sem horfir gæti fæðingarárgangur ársins 2009 orðið yfir 5.000. Í öllu falli er ljóst að hópurinn verður sá fjölmennasti í að minnsta kosti 60 ár og sennilega frá upphafi. Sá næst fjölmennasti fæddist raunar árið 2008. Á hverju ári látast um 2.000 manns og því eru fæddir umfram dána um 3.000 sem er nálægt 1% af íbúafjöldanum. Í ár vega búferlaflutningarnir svo þungt að í heildina er um fólksfækkun að ræða.

Búist hafði verið við því að þegar draga tæki úr uppsveiflunni myndi erlent vinnuafli sem átti stóran þátt í að manna margvíslegar framkvæmdir fara af landi brott. Það rættist einkum að því er varðar stórframkvæmdirnar eystra árið 2008. Hins vegar gerðist þetta alls ekki annars staðar og þótt nú séu í fyrsta sinn fleiri brottfluttir erlendir ríkisborgarar en aðfluttir er nettótalan sé innan við 4% af heildarfjölgun erlendra ríkisborgara á Íslandi frá árinu 2000. Raunar er það svo að konum meðal erlendra ríkisborgarar heldur áfram að fjölga. Vissulega hefur brottfluttum erlendum ríkisborgurum fjölgað þótt þeir gætu orðið færri í ár en í fyrra. Aðalbreytingin er að aðfluttum hefur fækkað meira en brottfluttum.

Á undanfönum áratugum hafa aðfluttir íslenskir ríkisborgarar einungis í undantekningartilvikum verið fleiri en brottfluttir. Flutningarnir eru að einhverju leyti í tengslum við ástandið í þjóðfélaginu og efnahagsástandi í þeim löndum sem flutt er til en það eru einkum Norður-löndin. Mestur fjöldi íslenskra ríkisborgara flutti brott á einu ári árið 1995, 3.566 en þá nam aðflutningur 1.929 manns. Á fyrri hluta ársins í ár hafa 1.902 íslenskir ríkisborgarar flutt til útlanda og reynslan er sú að brottflutningur sé meiri á seinni helmingi ársins og tengist það skólavist erlendis. Því stefnir í að árið í ár gæti orðið mesta brottflutningsár síðari tíma. Því má hins vegar ekki gleyma að mismunur brottfluttra og aðfluttra er oftast lítið hlutfall af flutningum samtals. Allmargir íslenskir ríkisborgarar hafa þannig flutt til landsins í ár og alls ekki er víst að árið verði metár í því sambandi.

Á myndinni hér fyrir neðan eru sýndir búferlaflutningar undanfarin ár ásamt spá um mögulega niðurstöðu fyrir árið í heild. Samkvæmt henni fjölga íbúum ekki hérlendis í ár þar sem flutningarnir jafnast á við fædda umfram dána. Enda þótt íslenskir ríkisborgarar flytji í auknum mæli utan er því ekki spáð að þetta verði versta ár undanfarinna áratuga að því er varðar nettóbrotflutning þeirra. Fækkun erlendra ríkisborgara vegna búferlaflutninga í ár nemur um það bil fjölgun þeirra í fyrra.



Tekjur ríkissjóðs janúar - júlí		
12 mánaða breyting (%)	2008	2009
Skatttekjur og trygg. gjöld	5,5	-18,2
Skattar á tekjur og hagnað	9,9	-11,4
Eignarskattar	-20,6	-43,4
Skattar á vöru og þjónustu	2,8	-24,7
Tryggingagjöld	6,3	-9,4
Tekjur alls	4,4	-14,2

Gjöld ríkissjóðs janúar - júlí		
12 mánaða breyting (%)	2008	2009
Almenn opinber þjónusta	20,9	66,9
Heilbrigðismál	10,6	12,9
Alm. trygg. & velferðarmál	16,5	54,2
Efnahags- og atvinnumál	31,3	8,0
Menntamál	10,9	10,7
Gjöld alls	16,3	30,2

Afkoma ríkissjóðs janúar - júlí		
Milljónir króna	2008	2009
Handbært fé frá rekstri	26.847	-91.234
Hreinn lánsfjárfjönuður	35.450	-81.248
Afborgun lána	-37.941	-72.736
Brúttó lánsfjárfjönuður	-4.801	-153.984
Lántökur	103.376	144.011
Breyting á handbæru fé	98.575	9.973

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2008	2009
Verðbólga (ágúst)	14,5	10,9
Kjarnaverðbólga (ágúst)	12,9	10,9
Launavísitala (júlí)	9,1	2,6
Heildarvelta (jan.-apr.)	10,1	-21,0
Smásöluvelta (jan.-apr.)	2,8	-16,9
Atv.leysi, árst.leiðr. (júlí)	1,2	9,1